

**Nr. 052 / 11 Freyfaxi RE 175****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1952  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast  
Stærð: 4,5 brl. 4,8 bt.  
Mesta lengd: 7,73 m Skráð lengd: 7,67 m  
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,08 m  
Vél: Ford Mermaid 46 1995  
Fjöldi skipverja: 2



Freyfaxi ©Hafþór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. maí 2011 var Freyfaxi RE 163 á siglingu frá Hafnarfirði á leiðis á Rif. Veður: Logn.

Þegar komið var skammt út fyrir Helguskersbauju varð skipstjóri var við að vélin hitnaði og hleðslan fallin niður. Hann stöðvaði vélin og í ljós að reim sem dreif kælivatnsdælu vélarinnar og 12V rafal hafði slitnað. Reynt var að koma varareim á en hún reyndist of stutt. Var þá óskað eftir aðstoð og kom Björgunarskipið Einar Sigurjónsson á vettvang og dró Freyfaxa RE til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að til að koma reiminni fyrir þurfti að losa kíltreim fyrir 24V rafalinn og aftengja kælivatnslögn en eins og fram hefur komið þá reyndist hún of stutt;
- að fram kom að þremur dögum síðar, þann 5. maí, þurfti báturinn aftur á aðstoð halda þar sem nýr startari bilaði. Hann var niðurgíraður en mótörinn við hann var minni en hann en virtist samt passa við vélin. Í ljós kom að kransinn í bendixnum hafði ekki gengið til baka og hafði skrallað með vélinni með þeim afleiðingum að hann eyðilagðist. Báturinn var þá dreginn til Ólafsvíkur.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.